

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2026

Efni: Umsögn BSRB um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026-2029, 597. mál

BSRB fagnar því að fram sé komin ný framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. BSRB hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á málefni innflytjenda og fólks af erlendum uppruna og mikilvægi þess að hafa inngildinguna að leiðarljósi í allri stefnumótun stjórnvalda. Að undanfögnu hefur orðið vart við aukna skautun í samfélagslegri umræðu sem hefur ýtt undir aðgreiningu og andúð í garð innflytjenda. Það er þvert á grunngildi okkar um jöfnuð, samstöðu og menntun sem leggja þarf áherslu á í allri stefnumótun og samfélagslegri umræðu.

BSRB tók þátt í gerð grænbókar og hvítbókar um málefni innflytjenda, sem fór fram í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á árunum 2023-2024, sem áætlunin byggir að miklu leyti á. Sú vinna skilaði góðum upplýsingum um stöðu mála hér á landi, m.a. í gegnum greiningu OECD og samráðsfundi með innflytjendum og flóttafólki. Mikilvægt er að líta áfram til þeirra greininga á næstu árum og samhliða bæta þekkingu og upplýsingasöfnun til að byggja undir stefnumótun til framtíðar.

BSRB lýsir yfir stuðningi við framkvæmdaáætlun þessa en bandalagið vill koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við einstaka kafla og aðgerðir. Þá tekur BSRB jafnframt undir sjónarmið sem koma fram í umsögn ASÍ, m.a. um að fyrirhuguð fjármögnun sé í samræmi við umfang og þörf.

1. Aðgerðir um íslenskunám og notkun tungumálsins í daglegu lífi

Í greiningu OECD kom fram að færni innflytjenda hér á landi í íslensku sé langt undir meðaltali OECD ríkja og sláandi var að sjá samanburð á fjárframlögum hins opinbera til tungumálakennslu á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin. Því er jákvætt að sjá að nú sé sett fjármagn í íslenskukennslu bæði fullorðinna og barna en erfitt er að leggja mat á það hversu langt það nær í því að jafna stöðu Íslands við hin Norðurlöndin, en stjórnvöld ættu að stefna að því. Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, hefur um árábil lagt fyrir könnun um stöðu launafólks þar sem svarhlutfall meðal innflytjenda hefur verið hátt. Þar hefur komið fram að helsta ástæða þess að innflytjendur hafi ekki stundað nám í íslensku er tímaskortur. BSRB hefur lagt ríka áherslu á að vinnustaðir bjóði sínu starfsfólki upp á íslenskunám á vinnutíma og þeim að kostnaðarlausu. Í greinargerð er fjallað um að styðja sérstaklega samstarf við fyrirtæki um íslenskukennslu á vinnutíma og/eða samhliða starfi. Þetta er lykilatriði og þarf að gera í góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Jákvætt er að sérstaklega sé fjallað um vaktavinnufólk og fólk með börn. Þróa þarf raunhæfar lausnir sem henta þessum hópum og leita leiða til að tryggja íslenskukennslu á vinnutíma, m.a. með því að styrkja lagamma líkt og fjallað er um í greinargerð.

2. Aðgerðir um mat á námi og þátttöku á vinnumarkaði

Það liggur fyrir að stór hluti innflytjenda sinnir ekki starfi sem hæfir menntun þeirra og herra hlutfall en þekkest í öðrum OECD ríkjum. Þetta hefur verið til umræðu lengi en staðan ekki breyst mikið. Í aðgerð 2.1 er lagt til að meta hvernig þróa megi áfram sameiginlega matsgátt fyrir menntun og kanna fýsileika þess að setja á laggirnar formlegt samstarf aðila vinnumarkaðarins sem miði að því að auka tækifæri innflytjenda á störfum í samræmi við menntun. Fjármagn sem fylgir þessari aðgerð er 3 milljónir kr. BSRB telur að hér þurfi að ganga lengra og stíga ákveðnari skref.

Þá er fjallað um raunfærnimat og áframhaldandi þróun þess. Í tengslum við þá aðgerð vill BSRB koma því á framfæri að þau kerfi sem eru til staðar eru takmörkuð að því leyti að þau ná ekki utan um allar greinar, svo sem mikilvægar greinar í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þetta þarf að hafa í huga og leggja sérstaka áherslu á að aðgangur að þeirri þjónustu henti fjölbreyttum hópi innflytjenda. Hér mætti einnig leggja áherslu á aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, en framhaldsfræðsluaðilar sinna því hlutverki.

Í aðgerð 2.4 er fjallað um jafnræði í aðgengi að opinberum störfum en ekki eru til aðgengilegar grunnupplýsingar um innflytjendur sem starfa hjá hinu opinbera. Úr þessu þarf að bæta og jafnframt hafa öflugra fræðslu fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera. BSRB og aðildarfélög okkar búa yfir ýmsum upplýsingum sem gætu nýst við þessa vinnu og við lýsum yfir vilja til samstarfs um þessi verkefni.

5. Aðgerðir um tölfræði og rannsóknir

Í þessum kafla er fjallað um að bæta tölfræði um innflytjendur og efla miðlun gagna. Í aðgerð 4.1 er jafnframt fjallað um að greina stöðu innflytjenda sérstaklega í reglubundnum lífskjararannsóknnum Hagstofunnar. Mjög jákvætt er að leggja eigi fjármagn í þessar aðgerðir. Til þess að stefnumótun verði markviss verður hún að byggja á áreiðanlegum gögnum sem eru aðgengileg og uppfærð reglulega. Hér vill BSRB aftur benda á Vörðu, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, sem býr yfir afar góðum upplýsingum um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og hefur gert rannsóknir á þeim hópi um árabil. Þá er mikilvægt að kanna afstöðu almennings til innflytjenda, en líkt og áður segir hefur orðið vart við bakslag í viðhorfum almennings hér á landi og mikilvægt að sporna við því. Þá fagnar BSRB því að gera eigi sérstaka rannsókn á líðan og samfélagslegri þátttöku innflytjenda og ná fram sjónarmiðum þeirra sem nýst geta við stefnumótun.

Fyrir hönd BSRB



Dagný Aradóttir Pind

lögfræðingur